

Alþingi
Erindi nr. P 130/1645
komudagur 5.4.2004



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 2. apríl 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um till. til þál. um vexti og þjónustubjónustugjöld bankastofnana (323. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 11. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.


SBV hafa nýverið kynnt verðkönnun GJ Fjármálaráðgjafar um samanburð á þjónustugjöldum fjögurra norræna ríkja, sem þingmenn hafa fengið senda til sín. Þar voru skoðaðir þeir þjónustuliðir sem hvað mest reynir á í daglegri notkun fólks á bankaþjónustu. Niðurstöðurnar sýna að íslensk fjármálafyrirtæki eru fyllilega samkeppnishæf við þau norrænu í verðum og reyndar gott betur. Þar virðist meðal annars endurspeglast að samkeppni á bankamarkaði er hvergi harðari en hérlendis, þar sem ótrúlega mörg fjármálafyrirtæki eru að bítast um viðskiptamenn í einungis 300.000 manna þjóðfélagi. Einnig kemur fram að hérlent bankakerfi sé skilvirkara en í nágrannalöndunum, þar sem allar færslur hérlendis gerast í rauntíma meðan það tekur að jafnaði einn til tvo daga að afgreiða færslur á Norðurlöndunum og viðskiptamenn verða þá af ávöxtun fjármunanna á meðan. Í öðrum ríkjum, s.s. Bretlandi, líður jafnvel enn lengri tími. Greiðslumiðlun í gegnum sameiginlega Reiknistofu bankanna er þannig að skila íslenskum neytendum einu hæsta þjónustustigi sem þekktist á bankamarkaði í Evrópu.

Þá eru SBV kunnugt um að rannsóknarframlag bankanna, sem er vettvangur sem viðskiptabankarnir og Seðlabankinn stofnuðu sameiginlega fyrir rúmum áratug í því markmiði að efla hagnýtar rannsóknir, hefur verið í viðræðum við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um að hún vinni úttekt á þróun vaxtamunar hérlendis og fleiri tengdum atriðum. SBV hafa oftsinnis síðustu ár birt tölur sem sýna að vaxtamunur hefur farið stöðugt minnkandi hérlendis liðinn áratug. Þá kom fram í bréfi viðskiptaráðherra frá 29. janúar 2002, sem svari við fyrirspurn Samtaka iðnaðarins, að vaxtamunur hefði minnkað hlutfallslega meira á Íslandi en að meðaltali í OECD-ríkjum á tímabilinu 1995-2000 eða úr 4,13% 1995 í 2,85% árið 2000. Vaxtamunur hækkaði aftur nokkuð í verðbólguáttíð ársins 2001, en var í árslok 2003 kominn aftur niður í 2,85%. Hann er reyndar töluvert lægri eða 2,54% ef bara er horft til viðskiptabankanna þriggja, þar sem vaxtamunur er ávallt lægri eftir því sem umfang lánastofnunar er meira. Svar ráðherra var grundvallað á athugun Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Í athugasemd Fjármálaeftirlits í bréfinu kemur fram að samanburður á vaxtamun sé mjög erfiður. Í því sambandi skipti t.d. miklu hvort húsnæðislánakerfi sé innan bankakerfisins í viðkomandi landi. SBV hafa einmitt bent á að hlutur ríkisins á þeim markaði hérlendis sker sig úr í alþjóðlegum samanburði og að miklu skipti fyrir samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar að því verði breytt. Í svari viðskiptaráðherra frá 8. mars sl. við fyrirspurn þingmanns um afskriftir viðskiptabankanna er vísað í upplýsingar Fjármálaeftirlits, þar sem lögð er áhersla þátt húsnæðislána í að minnka vaxtaáhættu í bankakerfi. Í svarinu kemur jafnframt fram að nauðsynlegt sé að bera saman fjármálafyrirtæki af svipaðri stærð í samanburðarlöndum þegar afskriftir eru bornar saman. Alveg það sama á við þegar borinn er saman vaxtamunur á milli landa.

Í tillöggunni er einnig lagt til að ríkisstjórnin láti rannsaka hvaða áhrif upptaka evrunnar hefði á vaxtamun stýrivaxta hér á landi. Vandséð er hvað átt er við með þessu þar sem það liggur fyrir hvað gerist í þeim ríkjum sem taka upp evru, stýrivextir Seðlabanka Evrópu taka við af innlendum stýrivöxtum. Þá er lagt til að rannsakað verði hvaða áhrif verðtrygging hafi haft á þróun vaxtamunar. Þetta er vissulega áhugavert rannsóknarefni en ólíklegt að niðurstöður verði á annan veg en að í stórum dráttum dragi vertrygging úr verðbólguálagi vaxta og hafi þannig þau áhrif að það dragi úr vaxtamun milli Íslands og annarra ríkja. Hve mikið markist af verðbólguálaginu á hverjum tíma.

Með hliðsjón af framansögðu telja SBV ekki forsendur til að Alþingi fari að mæla fyrir um þá umfangsmikla athugun sem tillagan ber með sér. Vandséð er af hverju löggjafinn ætti þannig að beina spjótum sínum að tiltekinni atvinnugrein þegar upplýsingar liggja fyrir sem sýna að íslensk fjármálafyrirtæki standa sig vel í að bjóða góða þjónustu á samkeppnishæfum kjörum miðað við nágrannalöndin.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri